

## Norræn yfirlýsing um byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð með lágu kolefnisspori og aukna áherslu á hringrásarhagkerfi í byggingariðnaði

### Við, ráðherrar á sviði byggingar- og húsnæðismála á Norðurlöndunum:

- Skuldbindum okkur til að berjast gegn loftslagsbreytingum og draga úr losun vegna bygginga. Mikil orku- og viðhaldsþörf á líftíma bygginga leiðir til óheftrar losunar gróðurhúsalofttegunda og úrgangs.
- Athugið að norræna markmiðinu um forystuhlutverk í loftslagsmálum á alþjóðavettvangi – yfirlýsing sem norrænu forsætisráðherrarnir og framkvæmdastjórar leiðandi norrænna fyrirtækja sendu frá sér 20. ágúst 2019 á Íslandi og sem norrænu forsætisráðherrarnir og aðrir ráðherrar ríkisstjórnanna sendu frá sér 25. janúar 2019 – er ekki hægt að ná nema gripið sé til skjótra aðgerða. Gera þarf breytingar á mannvirkjagerð, viðhaldi og lífsháttum án þess að stefna öryggi, hagkvæmni og ástandi bygginga í hættu.

### Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð með lágu kolefnisspori og skipulagsmál

- Við fögnum þeim aðgerðum sem framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar hefur gripið til í þá veru að efna til viðræðna stjórnvalda á Norðurlöndunum til að stuðla að byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð með lágu kolefnisspori.
- Við leggjum áherslu á mikilvægi áframhaldandi og aukins samstarfs á þessu sviði svo Norðurlöndin geti notið góðs af og miðlað sín á milli snjóllum, hagkvæmum, viðhaldslitlum og nýstárlegum lausnum með lágu kolefnisspori í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð.
- Við leitum eftir samstarfi um lausnir með lágu kolefnisspori í landnotkunar- og borgarskipulagi á Norðurlöndunum.
- Við samþykkjum að halda áfram samstarfi um samræmingu viðeigandi aðgerða, aðferða, gagna, tækja og stefnu um kolefnishlutlausar byggingar.
- Við leitum eftir stuðningi hagsmunaaðila í byggingar- og fasteignageiranum og skyldum greinum varðandi sameiginlegar norrænar aðgerðir um kolefnishlutleysi í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð og hagkvæmt viðhald bygginga.
- Við förum þess á leit við háskóla og rannsóknarstofnanir að mynda tengslanet til að auka þekkingu og getu til skjótra umskipta yfir í kolefnishlutlausar byggingar án þess að stefna öryggi, hagkvæmni og ástandi bygginga í hættu.
- Við skuldbindum okkur til að sækjast eftir forystu á alþjóðavettvangi svo að Norðurlöndin geti orðið í fararbroddi varðandi þróun í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð með lágu kolefnisspori.

### Hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins í byggingariðnaði

- Athugið að byggingar sem þegar hafa verið reistar hafa að geyma mikið af nothæfu byggingarefni sem ætti að nýta án þess að stofna heilsu, öryggi og endingu í hættu.

- Við gerum okkur grein fyrir að þörf er á Evrópusambandslöggjöf til að koma á sjálfbærri notkun byggingarefna og til að ryðja úr vegi hindrunum sem snúa að endurvinnslu og endurnýtingu byggingarefna.
- Við bjóðum Norðurlöndunum að eiga samstarf í ráði Evrópusambandsins í því skyni að hafa áhrif á væntanlega endurskoðun byggingarvörureglugerðar ESB. Því er ætlað að greiða fyrir innleiðingu hugmyndafræði hringrásarhagkerfis í byggingariðnaði og veita byggingariðnaðinum stuðning í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.

#### Af þeim sökum

- Samþykkjum við að málefni sem tekin eru fyrir í þessari yfirlýsingu njóti algjörs forgangs.
- Förum við þess á leit við framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar að hann kanni möguleika á fjárstuðningi til að samræma aðgerðir varðandi byggingarreglugerðir og takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda frá byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð.
- Lýsum við eindregnum vilja til að halda áfram vinnu sem miðar að byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð með lágu kolefnisspori og að samþætta hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins í byggingariðnaði.